



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Helgi Bjarnason
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. febrúar 2006
Tilvísun: 2006020010
Bréfalykill: 50.4.3

Efni:

Vísað er til erindis iðnaðarráðuneytisins frá 6. febrúar 2006, þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um umsókn Ljósárvirkjunar ehf um leyfi til að byggja 860 kW vatnsaflsvirkjun í tveimur þrepum í landi Neðridals í Rangárfingi Eystra. Eftirfarandi umsögn Orkustofnunar byggist á greinargerð umsækjanda með umsókn, *Virkjun í landi Neðridals í Rangárfingi Eystra*, sem Íslensk Orkuvirkjun ehf hefur tekið saman. Í henni er auk tæknilegra upplýsinga um virkjun samantekt rannsókna og athugana varðandi umhverfisáhrif og niðurstöður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 4. gr. reglugerðar um framkvæmd raforkulaga nr. 511/2003 skulu eftirfarandi upplýsingar og gögn fylgja umsókn um virkjanaleyfi:

1. Nafn umsækjanda, kennitala hans, heimilisfang og upplýsingar um rekstrarform.
2. Niðurstöður rannsókna á viðkomandi virkjunarkosti.
3. Lýsing á virkjuninni, þ.m.t. kort og uppdráttir sem sýna legu og tilhögun mannvirkja, helstu tölulegar upplýsingar um virkjunina og afmörkun virkjunarsvæðis.
4. Framkvæmdáætlun, þ.m.t. um hvenær ætlunin er að hefja framkvæmdir, hvenær þeim á að vera lokið og hvenær rekstur virkjunar á að hefjast.
5. Fjárhagsáætlun vegna framkvæmdanna.
6. Samningur um tengingu við flutningskerfið eða dreifikerfi á viðkomandi svæði.
7. Upplýsingar um hvort fyrir liggja samkomulag við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald fyrir nýtingu viðkomandi auðlindar.
8. Upplýsingar um helstu umhverfisþætti virkjunar og áhrif hennar á viðkomandi orkulind, þ.m.t. nýtingu sem fyrir er á svæðinu, eftir því sem við á. Upplýsa skal um hvort um matsskylda framkvæmd er að ræða samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ef svo er skal skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fylgja umsókninni svo og úrskurður umhverfisýfirvalda um mat á umhverfisáhrifum. Þá skal eftir því sem við á gera grein fyrir þeim mótvægisáðgerðum og öðrum ráðstöfunum sem ætlunin er að framkvæma vegna umhverfisáhrifa sem virkjunin hefur samkvæmt framlögðum gögnum.
9. Upplýsingar um þau leyfi sem umsækjandi telur sig þurfa að afla frá öðrum stjórnvöldum og hvort framkvæmdin samræmist gildandi skipulagi þar sem ætlunin er að reisa virkjunina.

Umsögn:

1. *Umsækjandi og eigandi:*
Umsækjandi og eigandi virkjunar er Ljósárvirkjun ehf. Kennitala: 521005-0840.
- 2-3. *Niðurstöður rannsókna á vatnafari og virkjunarkosti :*
Virkjunin byggist á að safna lindarennslu úr Ljósá og drögum hennar. Rennslismælingar voru gerðar við mælistíflu sem gerð var eftir leiðeiningum Vatnamælinga. Rennslu reynist vera stöðugt og áætlanir um stærð og rekstur virkjunar eru þannig byggðar á traustum forsendum eftir því sem best verður séð. Lýsing á virkjun er greinargóð, studd uppdráttum.

4. *Framkvæmdir:*
Reiknað er með að framkvæmdir geti hafist þegar öll tilskilin leyfi liggja fyrir, og að þeim verði lokið fyrir árslok 2006.
5. *Fjárhagsáætlun og kostnaður:*
Umsókninni fylgja hvorki kostnaðar- né rekstraráætlanir, og telur umsækjandi þær upplýsingar viðkvæmar fyrir samkeppnisstöðu sína.
6. *Tengisamningur:*
Fyrir liggur undirritaður samningur við Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) um tengingu virkjunar við kerfi RARIK (undirritaður 16.11.2005).
7. *Samningur um nýtingu lands og vatns:*
Fram kemur að virkjunin er að öllu leyti innan landareignar Neðridals, og félagið Ljósárvirkjun ehf er í eigu ábúenda jarðarinnar sem einnig er landeigandi.
8. *Umhverfiþættir virkjunarinnar:*
Framkvæmdaaðili lét meta hvort framkvæmdin væri matsskyld og lét gera ýmsar rannsóknir og athuganir í tengslum við það, og eru þær tíundaðar í greinargerðinni. Á grundvelli þeirra og umsagna sem Skipulagsstofnun leitaði eftir, varð niðurstaðan sú að ekki væri ástæða til að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Vegna þess að sum mannvirki munu verða nokkuð áberandi telur Skipulagsstofnun æskilegt að þau verði höfð í jarðlitum til að draga úr sjónrænum áhrifum. Bent er á að breyta þurfi Aðalskipulagi Rangárþings Eystra og að vinna þurfi deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu.
9. *Leyfi frá öðrum stjórnvöldum:*
Ekki liggja fyrir upplýsingar frá framkvæmdaaðila um leyfi, önnur en virkjunarleyfi, sem hann þarf að afla sér, en það er væntanlega fyrst og fremst framkvæmdaleyfi sveitastjórnar.

Niðurstöður:

Orkustofnun telur að umsóknin uppfylli skilyrði raforkulaga nr. 65/2003 m.s.br. svo og reglugerðarákvæði á grundvelli þeirra, en framkvæmdaaðili geri grein fyrir niðurstöðum varðandi skipulag áður en virkjunarleyfi er gefið út.

Virðingarfyllt

Hákon Aðalsteinsson

Ívar Þorsteinsson